

Nr. 078 / 09 Edda EA 65

Fær í skrúfunu og dregin til hafnar

Skipaskr.nr. 7092
Smíðaður: Hafnarfirði 1988 plast
Stærð: 5,9 brl. 5 bt.
Mesta lengd: 7,98 m Skráð lengd: 7,88 m
Breidd: 2,58 m Dýpt: 1,53 m
Vél: Volvo Penta 119 kW, 2005
Fjöldi skipverja: 1



Edda ©Hafbór Hreiðarsson

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 4. desember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 7. júlí 2009 var Edda EA 65 á siglingu á Fljótagrunni. Veður: Logn en mikill sjór.

Skipstjóri ákvað að hefja veiðar og sló af ferðinni en þegar hann bakkaði stöðvaðist vélin skyndilega og reyndist afturlandfesti bátsins vera föst í skrúfunni. Ekki tókst að losa úr skrúfunni svo óskað var eftir aðstoð björgunarskipsins Sigurvins sem dró Eddu EA til Siglufjarðar.

Við rannsókn kom fram:

- að landfestin var grannt, mjúkt og meðfærilegt ofurtóg (Dynema)
- að sögn skipstjóra hringaði (gerði upp) hann alltaf upp afturfestina og hnýtt hönkina í rekkverkið á skutnum. Þetta gerði hann við brottför en nokkur hreyfing var á körum sem voru á þilfarinu og taldi hann að þau hafi losað hnútinn á rekkverkinu.

Nefndarálit:

Orsök óhappsins var slakur sjóbúnaður.